Reglur og fyrirkomulag Íslandsmóts félagsliða 2022

10-11. desember 2022

1. Regluverk ÍPS gildir á Íslandsmóti félagsliða og þau atriði sem regluverkið nær ekki yfir er farið eftir regluverki WDF.

2. Íslandsmót félagsliða 2022 skiptist í karla- og kvennaflokk. Hvert aðildarfélag má senda 2 karlalið og 1 kvennalið.

3. Mótið samanstendur af þremur viðburður, einmenning, tvímenning og liðakeppni. Keppt verður á laugardag og sunnudag og hefst keppni kl. 10:00 báða dagana.

4. Nánara keppnisfyrirkomulag (riðlar/útsláttur) verður gefið út þegar skráningu lýkur.

5. Í einmenning og tvímenning er spilað best af 7 leggjum þar sem búllað er í oddalegg. Kastað er uppá hver byrjar fyrsta legg í öllum leikjum

6. Í liðakeppninni er spilað best af 17 leggjum, einn leggur leikinn í einu. Leikaröðin verður sem hér segir:

	Leikm lið	Leikm lið		Leikm lið	Leikm lið
Leggur	**A**	**B**	**Leggur**	**A**	**B**
1	1	2	9	4	4
2	2	1	10	1	1
3	3	4	11	2	3
4	4	3	12	3	2
5	2	2	13	1	3
6	1	4	14	2	4
7	4	1	15	3	1
8	3	3	16	4	2

Ef liðin ná 8 leggjum hvert í leiknum skal hvert lið velja einn leikmann til að leika oddalegginn. Sá leikmaður sem er í heimaliði skal búlla á undan fyrir oddalegginn.

7. Ef tvö lið eru jöfn að stigum í riðli, skal samanburður á leggjahlutfalli verða notaður til að leysa jafntefli (unnir leggir deilt með töpuðum). Ef liðin eru með sama leggjahlutfall þá er horft á úrslit leiks á milli liðanna.

8. Ef þrjú lið eru jöfn og með sama leggjahlutfall skal hvert lið tilnefna einn leikmann til að kasta 9 pílum og vinnur það lið sem fær hæsta skor. Ef lið eru jöfn að stigum eftir 9 pílur skal endurtaka leikinn þangað til að eitt lið sigrar. Allir þrír leikmenn skulu spila á sama borði og búllað er í upphafi. Sá leikmaður sem sigrar búllið ræður hvaða leikmaður kastar fyrst og seinast.

9. Allir leikmenn skulu forðast að reykja og/eða neyta áfengra drykkja á meðan leik stendur í hvaða leik sem er, og við hvers kyns viðtöl og/eða kynningum.

10. Allir leikmenn í öllum greinum eiga rétt á sex æfingapílum á úthlutuðu leikborði fyrir upphaf leiks. Í fjögurra manna liðakeppninni á þetta við um alla leikmenn á undan fyrsta legg í hverjum leik. Í öllum leggjum eftir þann fyrsta skulu allir leikmenn aðeins fá þrjár æfingapílur. Ekki má kasta öðrum æfingapílum meðan á leik stendur.

11. Hvert lið má innihalda einn varamann. Varamaður má koma inn fyrir upphaf hvers leiks ef mótstjórn samþykkir. Varamaður er tilgreindur fyrir hvert lið og má ekki taka þátt í leikjum hjá öðrum liðum.

12. Komi upp ágreiningur meðan á leik stendur, skal stöðva leikinn tafarlaust. Báðir liðsstjórar eða leikmenn skulu hafa samband við mótstjórn og verður málið leyst af „mótsdómara“ en ákvörðun hans skal vera endanleg og bindandi. Engin síðbúin mótmæli verða samþykkt.

Stigatafla

	Karlaflokkur				Kvennaflokkur		
Sæti	**Lið**	**Tvím**	**Einm**	**Sæti**	**Lið**	**Tvím**	**Einm**
1	60	42	28	1	48	30	21
2	40	30	21	2	32	20	15
3-4	24	20	15	3-4	16	12	10
5-8	12	12	10	5-8	8	6	6
9-16	4	6	6	9-16	0	2	3
17-32	2	2	3	17-32	0	0	1
33-64	0	0	0	33-64	0	0	0

Að auki fær hvert lið 1 stig fyrir hvern leik sem unnin er í riðlakeppni (Ef hún er spiluð)

Dagskrá (Drög)

Laugardagur 10. des

10:00-13:00	Tvímenningur karla og kvenna
13:00-14:00	Hádegismatur
14:00 - 15:30	Tvímenningur karla og kvenna
15:30 - 19:00	Einmenningur karla og kvenna

Sunnudagur 11. des

10:00-13:00	Einmenningur karla og kvenna (ef þarf, annars liðamót karla og kvenna)
13:00-14:00	Hádegismatur
14:00-18:00	Liðamót karla og kvenna